

# **Samantekt**

Möguleg áhrif úrsagnar Bretlands úr ESB

**24. júní 2016**



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Inngangur

Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Bretlandi í gær um aðild að ESB var sú að meirihluti eða 51,9 % voru fylgjandi útgöngu úr ESB en 48,1 % fylgjandi áframhaldandi veru innan sambandsins. Með þessu er ljóst að Bretland hefur það ferli sem mælt er fyrir um í 50. gr. sáttmála ESB. Þar er efnislega mælt fyrir um neðangreind skref:

- a. Tilkynna til leiðtoga ráðsins fyrirætlun sína að yfirgefa ESB.
- b. Ráðið skal gera samning við viðkomandi aðildarríki um hvernig skuli staðið að úrsögn þar sem hliðsjón verði höfð af hvernig framtíðartengslum þess við sambandið verði hagað.
- c. Sáttmálar ESB hætta að taka til viðkomandi aðildarríkis á gildistöku útgöngusamnings eða að öðrum kosti þegar tvö ár eru liðin frá tilkynningu til leiðtoga ráðsins um úrsögn. Ráðið getur ákveðið einróma að framlengja þennan tíma.

Af framangreindu er ljóst að næsta skref breskra stjórnvalda er að tilkynna ESB um fyrirætlun sína að yfirgefa sambandið. Síðan munu viðræður hefjast um útgöngusamning.

Þessi niðurstaða felur einnig í sér að Bretland mun eftir gildistöku útgöngusamnings ekki lengur verða aðildarríki samninga sem ESB hefur gert. Það á t.d. við um EES samninginn.

Ekki liggur fyrir hvaða stefnu bresk stjórnvöld hyggjast taka að því er varðar stöðu sína gagnvart ESB eða mögulegri áframhaldandi þátttöku í innri markaði ESB.

Þar sem íslenskt atvinnulíf á mikilla hagsmuna að gæta í Bretlandi er ljóst að Ísland, hvort heldur eitt og sér eða í samfloti með öðrum EFTA ríkjum, mun leggja áherslu á að lausnir verði fundnar sem tryggja áframhaldandi festu og stöðugleika í viðskiptakjörum.

Viðskipti við Bretland grundvallast á EES-samningnum. Löndin vinna einnig náið saman á ýmsum öðrum sviðum, t.d. að löggæslu-, samgöngu-, búsetu- og menningarmálum. Þá er gott samstarf milli Íslands og Bretlands á sviði öryggis- og varnarmála. Því er mikilvægt að tryggja áfram góð samskipti landanna.

Mikilvægt er að hafa í huga að vinna við útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu er rétt að hefjast. Ekki verða breytingar á viðskiptasamningum eða öðrum samskiptum Íslands og Bretlands á meðan sú vinna er í gangi.

## I. Bakgrunnur

Bretland er meðal mikilvægustu viðskiptaþjóða Íslands þegar kemur að vörum, t.d. sjávarafurðum og þjónustu, t.d. ferðaþjónustu. Fjöldi þeirra sem sækja vinnu og nám í Bretlandi hefur einnig aukist undanfarin ár. Bretland verður alltaf augljós og mikilvægur valkostur fyrir Íslendinga, þó ekki sé nema út af tungumálinu. Auk þessa hafa Íslendingar fjárfest í Bretlandi á ýmsum sviðum, t.d. í sjávarútvegi, matvælaframleiðslu o.fl.

Allt það sem hér er nefnt á það sameiginlegt að um viðkomandi þætti gilda reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) í samskiptum Íslands og Bretlands og þau réttindi sem Íslendingar í Bretlandi byggja á nú um stundir eiga rætur í þeim samningi.

Með úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu (ESB) verða Bretar ekki aðilar að EES samningnum, a.m.k. sem ESB ríki. Enn fremur mun brotthvarf Bretlands úr ESB og þar með sameiginlegu fiskveiðistefnunni m.a. þýða að fyrirsvar strandríkisins Bretlands í samningum um deilistofna og úthafsveiðar mun færast frá Brussel til London.

Þessi staða kallar á það að Bretland semji á nýjan leik um samskipti sín við nágrannaþjóðir sínar um flest þau atriði sem í dag er fjallað um í regluverki ESB, þ.m.t. því regluverki sem fellur undir EES.

Rétt er að hafa hugfast að Bretland þarf að semja við ESB um fyrirkomulag brotthvarfsins og er ástæða til að ætla að það ferli muni taka nokkurn tíma. Á meðan er Bretland fullur aðili að sambandinu. Sáttmáli ESB setur þó hámarkstíma að þessu leyti þar sem mælt er fyrir um að sáttmálar ESB hætti að gilda gagnvart viðkomandi ríki að liðnum tveimur árum frá úrsögn nema annað sé ákveðið samhljóða af öllum aðildarríkjum. Á hinn bóginn er það í gegnum þetta ferli sem ljóst verður hvað Bretar hyggjast fyrir til framtíðar varðandi fyrirkomulag sambands síns við ESB og aðildarríki þess. Ekki er útilokað að í því ferli megi tryggja stöðu EES EFTA ríkjanna á innri markaðnum gagnvart Bretlandi.

Það er einnig mikilvægt að hafa í huga þegar farið er yfir það sem að neðan greinir að það er meðal skýrra stefnumiða breskra stjórnvalda að tryggja greið viðskipti. Auk þess er innri markaðurinn meðal þeirra þátta sem bresk stjórnvöld horfa hvað sterkast til varðandi jákvæða þætti samstarfsins innan sambandsins. Í þessu ljósi má reikna með að flest það sem hér á eftir greinir muni verða leyst. Í því sambandi standa Bretum opnir ýmsir kostir aðrir en hrein tvíhliða lausn gagnvart hverju og einu ríki eða ríkjasambandi. Auk samnings við ESB (útgöngusamningur), með eða án tengingar við EES, kæmi t.d. aðild að EES í gegnum EFTA til álita.

Einnig er rétt að hafa í huga að samskipti Íslands og Bretlands takmarkast ekki við viðskipti og önnur mál sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Má þar nefna pólitísk samskipti, tvíhliða samráðsfundi og menningartengsl, en úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu myndi ekki hafa bein áhrif á þau.

## **II. Viðskipti og samskipti við Bretland**

### **1. Vöruviðskipti**

Á árinu 2015 voru fluttar út vörur til Bretlands fyrir um 73 ma. kr., sem var um 12% af öllum vöruútflutningi á því ári. Hefur vöruútflutningur til Bretlands aukist jafnt og þétt undanfarin ár, og nam rúmlega 9% af heildarvöruútflutningi 2013 og 11% árið 2014. Helstu vörutegundir sem voru fluttar út til Bretlands á síðasta ári voru þorskur (21 ma. kr.), ál (14 ma. kr.), rækja (10 ma. kr.) og ýsa (7 ma. kr.). Var Bretland í öðru sæti yfir helstu útflutningslönd Íslands árið 2014 á eftir Hollandi.

Á sama tíma nam verðmæti innflutnings frá Bretlandi um 35 ma. kr., eða um 5,4% af heildar innflutningi. Hefur innflutningur frá Bretlandi dregist hlutfallslega saman undanfarin þrjú ár, en á árinu 2013 var hlutfall innflutnings frá Bretlandi 6,3% og 6,0% árið 2014. Helstu innflutningsvörur á síðasta ári voru olía og önnur jarðefni, iðnaðarvörur hvers konar og bifreiðar. Bretland var í sjöunda sæti yfir helstu innflutningslönd Íslands árið 2014.

### **2. Þjónustuviðskipti**

Nýjustu tölur um þjónustuviðskipti, sem eru frá árinu 2014, sýna að á því ári var verðmæti útfluttrar þjónustu til Bretlands um 50 ma. kr. Árið þar á undan var verðmæti útfluttrar þjónustu til Bretlands um 40 ma. kr., og hafði því vaxið milli ára um 25%. Greiðslur vegna flugferða og eyðsla breskra ferðamanna hér á landi eru uppistaðan í þessum tekjum. Einnig má nefna hér verulegar tekjur af upplýsingaþjónustu og ýmissi sérfræðiþjónustu.

Á sama tíma var verðmæti innfluttrar þjónustu frá Bretlandi um 55 ma. kr. árið 2014 og 49 ma. kr. árið 2013. Flugferðir og eyðsla Íslendinga í Bretlandi var sömuleiðis uppistaðan í útgjöldum vegna þessa innflutnings. Veruleg þjónusta er keypt frá Bretlandi á sviði sérfræðiþjónustu sem ætla má að geti m.a. tengst uppgjöri gömlu bankanna.

Til samans var hlutdeild Bretlands í vöru- og þjónustuútflutningi Íslands í kringum 10% árin 2013 og 2014. Á sama hátt var hlutur Bretlands í vöru- og þjónustuinnflutningi Íslands á sama tíma um 9% bæði árin.

### **3. Ferðamennska**

Á árinu 2015 voru Bretar annar fjölmennasti hópur erlendra ferðamanna sem kom til Íslands, á eftir Bandaríkjamönnum. Komu um 240 þúsund Bretar til landsins á síðasta ári, eða tæplega 19% allra ferðamanna sem sóttu Ísland heim á því ári. Stöðug aukning hefur verið í komum breskra ferðamanna til Íslands, og nam hlutur þeirra af heildarfjölda ferðamanna sem komu til landsins um 17% árið 2013 og 18% árið 2014.

Samhliða auknum fjölda ferðamanna til landsins frá Bretlandi, hefur framboð af flugi milli landanna stóraukist á undanförunum árum. Hafði fjöldi flugferða milli Íslands og Bretlands tvöfaldast milli áranna 2012 og 2015, úr um 3.200 ferðum í um 6.400 ferðir á ári.

#### **4. Fjárfestingar**

Tölur um erlenda fjárfestingu Breta hér á landi sýna að verðmæti slíkra fjárfestinga var talið vera um 20,5 ma. kr. árið 2012, 6,3 ma. kr. árið 2013 og 14,4 ma. kr. árið 2014. Þessar tölur sýna fyrst og fremst eigið fé og lánastöðu sem bresk fyrirtæki eiga í atvinnurekstri hér á landi.

Tölur um fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í Bretlandi eru mun hærrí, og sýna stöðu fyrir um 271 ma. kr. árið 2012, 215 ma. kr. árið 2013 og 223 ma. kr. árið 2014. Þessar fjárhæðir má fyrst og fremst skýra sem eignir slitabúa föllnu bankanna í Bretlandi. Er því líklegt að þær fari mjög lækkandi.

#### **5. Atvinnumál**

Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár eru 792 breskir ríkisborgarar skráðir með lögheimili hér á landi. Bretar þurfa sem kunnugt er ekki dvalar- eða atvinnuleyfi hérlendis á grundvelli EES-samningsins. Fjöldi Íslendinga með lögheimili í Bretlandi er u.þ.b. 2.200 skv. Þjóðskrá. Taka verður þessari tölu með fyrirvara, því engar tilkynningar berast Þjóðskrá um flutninga milli landa þegar hvorugt landið er Ísland og því líklega um ofmat að ræða. Skv. mannfjöldatölum bresku hagstofunnar er fjöldi Íslendinga áætlaður um eitt þúsund manns.

Skráðir námsmenn í Bretlandi eru um 250 talsins. Árin 2012-2013 nýttu um 30 íslenskir nemendur Erasmus áætlunina til náms í Bretlandi. Álfka fjöldi Breta komu til Íslands í gegnum Erasmus á sama tíma.

#### **6. Önnur samskipti**

Eins og fyrr segir myndi úrsögn Bretlands úr ESB ekki hafa bein áhrif á ýmsa þætti í samskiptum landanna sem falla ekki undir EES-samninginn en skipta samt töluverðu máli þegar horft er á heildarmynd tengslanna milli Íslands og Bretlands. Hér er einkum um að ræða samráðsfundi á embættismannastigi, þ.á.m. um varnar- og öryggismál, heimsóknir á ráðherrastigi og menningarmál.

### **III. Einstök málefnasvið**

#### **1. Vöruviðskipti**

Þegar kemur að vöruviðskiptum eru það einkum þrír þættir sem koma til skoðunar út frá þeirri stöðu sem viðskiptalífínu (útflytjendur og innflytjendur) er tryggð í dag.

##### **a. Tollar og gjöld**

Hvað snertir álagningu tolla og annarra gjalda á vörur sem fluttar eru inn til Bretlands frá Íslandi gildir EES samningurinn ásamt fríverslunarsamningi Íslands og ESB frá 1972 - hvað varðar tiltekna sjávarafurðir.

## b. Heilbrigðisreglur matvæla

Mikilvægustu útflutningsafurðir Íslands til Bretlands eru sjávarafurðir. Lykilþáttur í þeim viðskiptum eru skýrar reglur sem gilda um þær heilbrigðiskröfur sem vörurnar þurfa að uppfylla. Í dag eru það reglur EES-samningsins sem gilda í viðskiptum með matvæli milli Íslands og Bretlands en það felur í sér að framleiðsla matvæla er háð sömu reglum og ekkert eftirlit er á landamærum með vörunni og hefur hún því mjög greiðan aðgang inn á markaðinn. Slíkt er forsenda fyrir viðskiptum með ferskar afurðir, t.d. sem fluttar eru með flugi, en mikið af þeirri vöru er einnig af hagkvæmniástæðum flutt um Bretland á ferskvörumarkaði í Norður-Frakklandi og Belgíu.

Við útgöngu Bretlands úr ESB og EES falla þessar reglur úr gildi á milli ríkjanna og breskar reglur tækju við, nema um annað sé samið. Að forminu til væri ekki lengur um að ræða samræmdar reglur milli ríkjanna sem myndi að óbreyttu fela í sér að heilbrigðiseftirlit á landamærum yrði tekið upp og vörunni beint í nýtt ferli. Nauðsynlegt væri að leita eftir samningum við Bretland um viðurkenningu á íslenskum reglum og mögulega úttektum á afurðafyrirtækjum með þeim hætti að varan ætti áfram greiða leið inn á markaðinn.

Í tilviki Íslands væri að óbreyttu ekki komist hjá því að skilgreina Bretland sem þriðja ríki og taka allar matvörur frá Bretlandi í gegnum eftirlit á landamærum nema samningar ESB og Bretlands um útgöngu Bretlands gerðu ráð fyrir öðru.

## c. Staðlar og kröfur til vöru

Samkvæmt reglum innri markaðar ESB liggur fyrir hvaða kröfur gilda á öllu svæðinu um vörur sem markaðssettar eru þar; þær þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur en að þeim uppfylltum má markaðssetja þær á öllu svæðinu án sérstakra krafna frá einstökum aðildarríkjum.

Að óbreyttu er ljóst að við útgöngu Breta úr ESB og EES mun þetta samband breytast. Ræða þyrfti hvort Bretar myndu setja sérstakar reglur sem þyrfti að uppfylla eða hvort þeir myndu einfaldlega viðurkenna án vandkvæða vörur sem framleiddar eru eftir reglum EES o.s.frv.

## **2. Þjónustuviðskipti**

EES samningurinn felur það í sér að fullt frelsi ríkir í viðskiptum með þjónustu. Þannig eiga einstaklingar og fyrirtæki almennt séð ekki að þurfa að sækja um leyfi umfram það sem fyrirtæki á heimamarkaði þurfa að gera til að veita þjónustu í öðru aðildarríki EES svo dæmi sé tekið. Þá er almennt óheimilt að mismuna innlendum þjónustuveitendum og veitendum þjónustu frá öðru EES - ríki gagnvart innanlandsreglum.

Þessi réttur fellur niður með útgöngu Breta úr ESB og EES nema um annað sé samið. Það felur í sér að skuldbindingar Bretlands um markaðsaðgang og bann við mismunun skv. WTO samningi um þjónustu (GATS) myndu taka við og væntanlega myndu Bretar koma inn í TISA samninginn þegar fram líða stundir. Þó liggur nokkuð ljóst fyrir að sá samningur mun ganga mun skemur en ákvæði EES-samningsins um frelsi til þjónustuviðskipta. Því myndi blasa við að öllu óbreyttu að í stað fulls frelss myndi koma til framkvæmda skuldbindingaskrá

Bretlands skv. GATS en sjálfstætt skoðunarefni er hvaða heimildir hún geymir til að veita þjónustu í Bretlandi. Þá myndi aðgangurinn fara eftir breskum lögum sem gæti veitt aðgang umfram skuldbindingar, eins og t.d. Ísland gerir. Hinu sama gegnir gagnvart Íslandi, þ.e. skuldbindingar Íslands skv. GATS mun þá verða þær heimildir sem gilda um Bretland, nema um annað yrði samið. Í því fellst einnig svokölluð bestu kjara regla, þ.e. að Ísland ætti alltaf rétt á besta veitta markaðsaðgangi utan samninga.

### **3. Frjáls för fjármagns**

Reglur EES samningsins um frjálsa för fjármagns fela í sér að engar hömlur má setja á slík viðskipti á milli aðildarríkja. Þröngar heimildir eru til staðar til að beita fjármagnshöftum eins og þekkt er í tilviki Íslands, Kýpur og Grikklands.

Ólíklegt verður að teljast að miklar breytingar verði í raun með útgöngu Breta hvað þetta varðar þar sem fjármálastarfsemi er ein af grunnstoðunum í bresku efnahagskerfi. Það breytir ekki þeirri staðreynd að ekki verður lengur unnt að ganga út frá því að samræmt regluverk liggi að baki rekstri fjármálastofnana sem haft getur bein áhrif á heimildir þeirra til að starfa innan ESB frá t.d. London. Sjálfstætt athugunarefni er hvaða áhrif það kann að hafa t.d. fyrir íslensk fjármálafyrirtæki.

### **4. Fjárfestingar**

Hluti af regluverkinu um frjálsa för fjármagns er fullt frelsi til fjárfestinga í aðildarríkjum EES. Eina undantekningin frá því hvað Ísland varðar eru hömlur á erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi. Bretar hafa enga undanþágu frá þessu frelsi.

Eins og fram kemur að framan hafa Íslendingar fjárfest verulega í Bretlandi, þ.m.t. í sjávarútvegi, svo sem neðar í vinnslulínunni. Með útgöngu úr ESB og EES væri þetta fulla frelsi til fjárfestinga ekki til staðar nema um annað væri samið eða stjórnvöld í Bretlandi kysu að viðhalda frelsi til fjárfestinga erlendra aðila. Felur þetta í sér að Bretar myndu hér á landi falla undir almennar heimildir þriðju ríkja til fjárfestinga í atvinnurekstri með þeim takmörkunum sem þó eru varðandi orkumál, samgöngur (flugfélög) og fasteignir. Ákveðinn sveigjanleiki er sýndur erlendum félögum er fjárfesta hér á landi frá ríkjum OECD en þau njóta þó ekki sömu heimilda og ríki EES.

Hefðbundnir fjárfestingasamningar ríkja fjalla almennt ekki um markaðsaðgang, þ.e. heimildir til að fjárfesta í viðkomandi ríki, heldur einvörðungu um vernd slíkra fjárfestinga.

### **5. Frjáls för fólks**

Verulegur fjöldi Íslendinga hefur flutt til Bretlands á gildistíma EES samningsins til að stunda vinnu og nám. Samningurinn gerir þetta kleift án mikilla formsatriða; þetta er réttur einstaklinga. Takist einstaklingi að fá vinnu eða er að stunda nám eða hann getur annars framfleytt sér er óheimilt að leggja stein í götu viðkomandi og skal hann ekki sæta mismunun á grundvelli þjóðernis.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem Bretar hafa tekið upp í samningum sínum við aðildarríki ESB og tekist að semja sig niður á heimildir til að setja ákveðnar girðingar og takmarkanir á frjálsa för fólks; ekki síst þegar kemur að þeim þáttum er snúa að réttindum þessara einstaklinga til stuðnings úr almannatryggingakerfi Bretlands.

Við útgöngu Breta úr ESB og EES þurfa þjóðirnar að sammælast um hvaða reglur muni gilda um heimildir einstaklinga til að koma til Bretlands til vinnu og náms.

Einnig er vert að nefna að hluti af þessu fyrirkomulagi skv. EES samningnum hafa verið reglur um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda.

## **6. Samgöngur**

Í EES samningnum felst réttur til flugs á milli aðildarríkja EES svo lengi sem öllum reglum samningsins er fullnægt að því er varðar kröfur sem gerðar eru til reksturs flugfélaga, öryggis í flugi o.s.frv. EES samningurinn er loftferðasamningur.

Með ákvörðun Breta um að ganga úr ESB og EES skapast að óbreyttu sú staða að ekki verður í gildi samningur milli ríkjanna af því tagi sem felst í núverandi stöðu. Fyrir er samningur milli Íslands og Bretlands um flugþjónustu frá 1972 sem er loftferðasamningur og felur í sér grunnréttindi til flugs, en þó þannig að áætlunarflug einskorðast við Glasgow og London. Hann gengur þannig skemur en réttindi samkvæmt EES-samningnum.

## **7. Staðfesturéttur lögaðila**

Líkt og EES samningurinn felur í sér réttinn fyrir einstaklinga að taka upp búsetu í öðru aðildarríki og stunda þar vinnu og nám felur samningurinn í sér samsvarandi heimildir fyrir fyrirtæki til að koma sér fyrir innan aðildarríkis með lögmeðum hætti, staðfesturéttur. Í því getur falist að stofna dótturfélag eða setja upp útibú eða skrifstofu. Óheimilt er að leggja nokkurn stein í götu þessa undir gildandi regluverki EES.

Ljóst er að með útgöngu Breta úr ESB og EES þyrfti að semja um rétt lögaðila að þessu leyti en hvað Ísland varðar getur þetta t.d. skipt máli fyrir fyrirtæki sem setja upp skrifstofur í Bretlandi. Fyrirtæki hafa í nokkru mæli notað London sem bækistöð í viðskiptum sínum við Evrópu.

## **8. Lögreglusamvinna**

Enda þótt Bretland standi utan Schengen - samstarfsins um opin landamæri taka þeir þátt í þeim hluta samstarfsins sem snýr að lögreglusamvinnu, líkt og Ísland. Þeir taka þá þátt í einstökum hlutum af samstarfi ESB á sviði dóms- og innanríkismála, m.a. í löggæslutilgangi, svo sem um Evrópsku handtökuskipunina. Í síðara tilvikinu er samstarfið í formi milliríkjasamninga. Brotthvarf Bretlands úr ESB þyrfti ekki endilega að hafa áhrif á þá samninga, en ljóst er að í þeim tilvikum þar sem Bretland vildi halda áfram þátttöku í hluta Schengen - samstarfsins eða öðru samstarfi á sviði dóms- og innanríkismála þyrfti að semja um það.

## **9. Útlendingamálefni/flóttamannamálefni**



Bretland er aðili að Dublin – samstarfinu um hvar skuli afgreiða hælisumsóknir flóttamanna sem felur einnig í sér endurviðtökuskyldu vegna hælisleitenda. Hyggðist Bretland taka þátt í því samstarfi áfram þarf að semja sérstaklega um það. Í gildi er samningur um áritunarfrelsi milli Íslands og Bretlands frá 20. júní 1947 sem undanþiggur íslenska ríkisborgara frá því að þurfa vegabréfsáritun vegna dvalar í allt að 6 mánuði.

#### **10. Samningar á sviði sjávarútvegsmála**

Bretland er strandríki en framkvæmdastjórn ESB kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna í samningum um deilistofna og úthafsveiðar á grundvelli sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Þegar Bretland gengur úr ESB myndi fyrirvar Bretlands færast til London og Bretland taka þátt sem sjálfstæður aðili í strandríkjaviðræðum, á vettvangi NEAFC og innan NAFO. Við útgöngu gæti Ísland samið tvíhliða, svo sem um aðgang að lögsögu ríkjanna. Bretland er önnur stærsta fiskveiðipjóð ESB, með 13% af lönduðum afla í magni og fyrirferðarmiklir í uppsjávartegundum. Bretland á um 47% af makrílkvóta sambandsins (2015) og um 11% af síldarkvótanum (2015). Þá á Bretland um 17% af kolmunnakvóta sambandsins (2015).

#### **11. Önnur samskipti**

Ísland og Bretland halda reglulega tvíhliða samráðsfundi á embættismannastigi þar sem farið er yfir mörg svið í samskiptum landanna, þ.á.m. viðskipti landanna, öryggis- og varnarmál, sjávarútvegsmál og norðurskautsmál. Einnig er rætt um samskipti landanna á vettvangi alþjóðastofnana.

Þá eiga sér stað samráðsfundir um öryggis- varnarmál á grundvelli tvíhliða samnings frá árinu 2008. Einnig á sér stað samráð og samvinna innan alþjóðastofnana, ekki síst Atlantshafsbandalagsins.

Einnig ber að nefna samstarf á sviði orkumála sem fellur utan EES – samningsins og ber þar helst að nefna sameiginlegan vinnuhóp landanna um fýsileika þess að leggja sæstreng á milli Íslands og Bretlands.

Einnig er nokkuð um heimsóknir á ráðherrastigi og ber hæst í seinni tíð heimsókn forsætisráðherra Bretlands til Íslands í tengslum við Northern Future Forum haustið 2015.

Töluverð samskipti eru milli Alþingis og breska þingsins, einkum á vettvangi British-Icelandic All-Party Parliamentary Group.

Jafnframt þarf að hafa í huga margvísleg menningarleg samskipti Íslands og Bretlands sem eiga sér langa sögu og eiga ríkan þátt í nánnum tengslum landanna.

#### **IV. Lokaorð**

Allar líkur eru á að Bretland muni semja um sérstakt samband við ESB. Ekki er ráðlegt að geta sér til um á þessari stundu í hverju það framtíðarsamband muni felast. Vilji aðildarríkja ESB mun ráða miklu um niðurstöðuna en einnig sameiginlegir hagsmunir sem áfram eru mjög ríkir.

Hvað Ísland varðar er á hinn bóginn ljóst að þeir samningar sem Ísland hefur við Bretland frá fornu fari eru ekki grundvöllur fyrir því að tryggja það umhverfi sem hefur verið í samskiptum ríkjanna allt frá árinu 1970 þegar Ísland gekk í EFTA, hvað þá heldur eftir að Bretland gekk í ESB og fríverslunarsamningur Íslands og ESB tók gildi 1972 og síðar þegar EES samningurinn gekk í gildi.

Í ljósi þess að Bretland er eitt allra mikilvægasta viðskiptaríki Íslands er óhjákvæmilegt að Ísland, hvort heldur eitt og sér eða í samfloti með öðrum EFTA ríkjum, leggi áherslu á að lausnir verði fundar sem tryggja áframhaldandi festu og stöðugleika í viðskiptakjörum ríkjanna.

Ríkisstjórnin hefur nú falið utanríkisráðherra að taka málið upp á ráðherrafundi EFTA í Sviss þ. 26. júní nk. Þar verður áhersla lögð á mikilvægi þess að EFTA ríkin njóti áfram jafn góðra viðskiptakjara gagnvart Bretlandi og nú. Samhliða þessu mun utanríkisráðuneytið kanna aðrar leiðir að sama markmiði fyrir Ísland, þ.m.t. möguleikann á gerð tvíhliða efnahags- og viðskiptasamnings milli Íslands og Bretlands. Einnig er verið að skoða hvernig hagsmunir Íslands verði best tryggðir í framhaldi af útgöngusamningi sem Bretland og Evrópusambandið munu væntanlega gera.

Þá hefur starfshópur ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og velferðaráðuneytis verið skipaður til að samræma viðbrögð og aðgerðir. Hópurinn mun vinna með öðrum ráðuneytum og hagsmunaaðilum eftir þörfum. Utanríkisráðuneytið mun einnig fela óháðum aðila að meta efnahagslegar afleiðingar einstakra kosta varðandi framtíðarviðskipti milli þjóðanna.

En eins og áður segir er ljóst er að vinna við útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu er rétt að hefjast. Ekki verða breytingar á viðskiptasamningum eða öðrum samskiptum Íslands og Bretlands á meðan sú vinna er í gangi.

## Viðauki

### Viðskipti

#### Vöruviðskipti

Útflutningur fob, innflutningur cif. Gengi hvers tíma. Fjárhæðir í millj. kr.

	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>
Útflutningur til Bretlands	57.895	66.327	72.661
Innflutningur frá Bretlandi	36.619	37.846	35.271
Hlutfall af heildarútflutningi (%)	9,5	11,2	11,6
Hlutfall af heildarinnflutningi (%)	6,3	6,0	5,4

#### Þjónustuviðskipti (millj. kr.)

	<b>2013</b>	<b>2014</b>
Útflutt þjónusta til Bretlands	39.998	49.164
Innflutt þjónusta frá Bretlandi	49.315	55.122
Hlutfall af heildarútflutningi þjónustu (%)	8,2	9,9
Hlutfall af heildarinnflutningi þjónustu (%)	14,3	15,1

#### Vöru- og þjónustuviðskipti

	<b>2013</b>	<b>2014</b>
Hlutfall af heildar vöru- og þjónustuútflutningi til Bretlands (%)	9,3	10,8
Hlutfall af heildar vöru- og þjónustuinnflutningi frá Bretlandi (%)	9,2	9,4

## Ferðamenn og fjöldi flugferða

#### Fjöldi ferðamanna

	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>
Heildarfjöldi erlendra ferðamanna	807.349	997.556	1.289.140
Fjöldi ferðamanna frá Bretlandi	137.108	180.503	241.024
Hlutfall af heild frá Bretlandi (%)	17,0	18,1	18,7

### Tíðni flugferða

	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>
Fjöldi flugferða milli Íslands og Bretlands	3.150	4.288	5.426	6.427
Aukning milli ára (%)		36,1	26,5	18,4

### Fjárfestingar (millj. kr.)

	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>
Fjármunaeign innlendra aðila í Bretlandi	270.590	215.112	222.916
Fjármunaeign Breta á Íslandi	20.457	6.291	12.372